


Nr.: VKL-302	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 11.05.2015	<h2>1. Kennsla námskeiða</h2>	
Höf: Áslaug Maack Pétursdóttir		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 3		

1. Tilgangur

Þessi verklagsregla lýsir í stórum dráttum hvernig kennsla fer fram á öllum námskeiðum skólans og eftir því sem við á hvernig kennslan tengist alþjóðlegu starfsumhverfi skólans og/eða gæðakröfum [IMO](#).

2. Gildissvæði (umfang)

Þetta vinnuferli gildir fyrir allt námskeiðahald skólans.

3. Hugtök

Námskeið Stutt (4 kennslustundir – 3 mánuðir), afmarkað fag, bóklegt og/eða verklegt, sem lýkur annaðhvort með prófi eða mati þar sem viðvera þátttakanda er fullnægjandi.

4. Ábyrgð

Skólastjóri Endurmenntunarskólans ber ábyrgð á framboði námskeiða, skipulagningu þeirra og skráningu.

Skólastjórar undirskóla Tækniskólans bera ábyrgð á að fylgjast með þróun og nýjungum á sínu sviði og koma ábendingum um námskeið til starfsfólks Endurmenntunarskólans.

Skólameistari ber ábyrgð á að markmiðum skólans sem íslenskur framhaldsskóli og sem alþjóðlegur IMO skóli verði náð. Hann ber ábyrgð á að skólinn bjóði upp á þau námskeið sem þörf krefur til að útskrifaðir skipstjórnar- og vélstjórnarmenn viðhaldi sínum réttindum.

Kennarar eru ábyrgir fyrir að veita þá kennslu sem gæðamarkmið, námskeiðslýsingar og námskeiðsáætlanir lofa þátttakendum.

5. Framkvæmd

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, veitir nemendum QMET=Quality Maritime Education and Training skv. kröfum IMO/STCW og lögum um framhaldsskóla (og þar sem við á skv. kröfum frá íslensku atvinnulífi). Skv. þessu býður Tækniskólinn námskeið fyrir fólk úr íslensku atvinnulífi, hvort heldur er á sviði véltækni, siglinga eða annarra sviða eftir þörfum markaðarins og getu skólans eins og sýnt er í [VKL-101](#) Stjórnun gæðamála.

Vinnuferlinu er lýst í aðalatriðum í eftirfarandi flæðiriti og er síðan hver þáttur skýrður nánar út í framhaldinu:

Nr.: VKL-302
Útgáfa: 3.0
Dags: 11.05.2015
Höf: Áslaug Maack Pétursdóttir
Ábm: Skólameistari
Síða 2 af 3

Tækniskólinn




1. Kennsla námskeiða

Inntak:


Ferli:

Ábyrgð:



1. Kennari undirbýr tímann samkvæmt námskeiðslýsingu. Ef um réttindanámskeið eða einingabært námskeið er að ræða (skv. [LSM-008](#)) undirbýr kennari tímann einnig samkvæmt námskeiðsáætlun.

2. Verkefnastjóri Endurmenntunarskólans býr til þátttökulista sem hann afhendir kennara áður en námskeið hefst. Kennari skráir mætingu í hverjum tíma. Það er mikilvægt að það sé gert því

Nr.: VKL-302	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 11.05.2015		
Höf: Áslaug Maack Pétursdóttir	<h2>1. Kennsla námskeiða</h2>	
Ábm: Skólameistari		
Síða 3 af 3		

Þátttakendur þurfa að uppfylla lágmarksmætingu til að fá skírteini í lok námskeiðs. Lágmarksmæting er 80% nema annað komi fram í námskeiðslýsingu.

3. Kennsla.
4. Við gerð prófa hjá Endurmenntunarskólanum eru tilteknir þættir í kafla 6 Lokapróf í VKL-306 hafðir til hliðsjónar, með eftirfarandi undantekningum:
 Þáttur nr. 2 – kennari semur þó aðeins eitt próf, ef þátttakendur standast ekki er þeim boðið að taka prófið aftur með næsta hópi ef hægt er.
 Þáttur nr. 5 – Skólastjóri viðkomandi námsgreinar ber ábyrgð á því að samræmi sé á milli námskeiðsáætlunar annars vegar og prófa hins vegar.
 Þáttur nr. 10. – Ef nemandi er veikur á prófdegi þarf hann að láta kennara/Endurmenntunarskólann vita. Ekki er boðið upp á sjúkrapróf en þátttakendum er boðið að taka próf með næsta hópi ef hægt er.
 Þáttur nr. 13 – kennari situr sjálfur yfir prófinu.
 Þáttur 18. – Kennari skilar prófúlausnum til Endurmenntunarskólans.
 Sjá ferli [VKL-306](#) Námsmat og prófhald þar sem skólastjóri viðkomandi undirskóla sinnir tilgreindu hlutverki skólastjóra að öðru leyti en því að skólastjóri Endurmenntunarskólans varðveitir gögn sem myndast. Skólastjóri undirskóla og/eða kennari námskeiðs útvegar prófdómara ef með þarf. Kennari skilar einnig til verkefnastjóra Endurmenntunarskólans einkunnum eða annarri staðfestingu á að þátttakendur hafi staðist kröfur.
5. Verkefnastjóri Endurmenntunarskólans gengur úr skugga um að þátttakendur hafi uppfyllt kröfu um mætingu og hvort greiðsla hafi örugglega borist. Skólameistari skrifar undir skírteini og prófdómari þegar við á. Verkefnastjóri stimplar þau og tekur afrit. Afritin eru geymd hjá Endurmenntunarskólanum. Útskrift tómstunda- og starfstengdra námskeiða fer fram eftir að námskeiði lýkur og búið er að afhenda skírteini.
6. Eftir að námskeiði lýkur sendir verkefnastjóri Endurmenntunarskólans þátttakendum rafrænt námskeiðsmat.
7. Kennari fyllir inn [GAT-030](#) Námskeiðsskýrsla leiðbeinanda og skilar til Endurmenntunarskólans ásamt niðurstöðum úr prófi ef við á og útfylltum þáttökulista. Kennari skilar inn vinnulista/reikningi til Endurmenntunarskólans í lok námskeiðs.

6. Tilvísanir í skjöl

- [VKL-101](#) Stjórnun gæðamála
- [VKL-306](#) Námsmat og prófhald
- [LSM-008](#) Flokkun námskeiða
- [GAT-028](#) Útskrift námskeiða
- [GAT-030](#) Námskeiðsskýrsla leiðbeinanda